


FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur.

Hinn mikli vandi hér á jörðu er að fá allt mannkyn, eða mikinn hluta þess, til að vera samhuga um það, sem rétt er og gott.

Helgi Pjeturss.



SVANIR, eftir málverki Jóns Stefánssonar, málað 1935.

Útgefandi: Félag Nýalssinna
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:
Ingvar Agnarsson.

SVANIR

Hvert svifið þér, svanir, af ströndu
með söngvum i bláheiðan geim?
Ég sé það af öllu, þér ætlið
i ósýnis fjarlægan heim.

„Vér erum þíns sakleysis svanir,
vor samvista tími nú dvin.
Vér förum með klökkvandi kvaki
og komum ei framar til þín“.

Með augunum yður ég fylgdi,
og alltaf bárust þér fjær
i bláinn með blikandi vængjum,
og burt dóu sönghljóðin skær.

En síðan við hlust minnar sálar
af söng yðar blitt hefur eimt,
sem heyrði ég úr himneskri fjarlægð:
„Vér höfum ei alveg þér gleymt“.

Þér kvödduð og komið ei framar
með kliðinn, sem lengst hef ég þreyð,
en, svanir, kemst eg þá til yðar,
ef ómurinn visar mér leið?

Steingrimur Thorsteinsson.

SVANUR

Í svanaliki lyftist moldin hæst.
Hann ljómar fugurst og hann syngur skærast.
Þá angurljóð hans oss í hjartað skera,
vér erum sjálfir vorum himni næst.
Þá oss í draumi banagrun þau bera,
oss birtist lífsins takmark fjærst og æðst.
Því er sem duftið dauða þrái að hrærast
við djarfa, sorgarblíða rómsins kvak.
Því er sem loftið biði þess að bærast
við bjarta, himinfleyga vængsins tak.

Hve sælt, hve sælt að líða um hvolfin heið
með hreina, sterka tóna — eða öngva,
að knýja fjarri öllum stolta strengi,
að stefna hæst og syngja bezt í deyð,
að hefja rödd, sem á að óma lengi
í annars minni, þó hún deyi um leið.
Er nokkur æðri aðall hér á jörð
en eiga sjón út yfir hringinn þróngva
og vekja, knýja hópsins blindu hjörð
til hærra lífs — til ódauðlegra söngva?

Einar Benediktsson.

Erindi

Lífgeislun og lífgeislalækningar

I.

Lífgeislun

Sá sem fer að kynna sér nýalskan heimsskilning mun brátt sjá, að hann er að ýmsu leyti frábrugðinn áður viðurkenndum heimsskilningi og að hann er miklum mun viðfeðmari og yfirgripsmeiri en aðrar skilningsleiðir, sem farnar hafa verið til þessa.

Með hinum nýja heimsskilningi leiðir dr. Helgi Pjeturss okkur út í hinn óravíða geim sólna og vetrarbrauta. Hann tekur okkur með sér upp á sjónarhól, þaðan sem sér um heima alla. Og er við höfum að nokkru vanist útsýninu þaðan, hverfa okkur hin þróngu sjónarmið, er áður voru allsráðandi í lífsviðhorfi okkar.

Við sjáum nú fyrir okkur hinn þrotausa geim. Við skiljum, að viðátt hans er óéndanleg. Við skiljum, að í þessum mikla geimi er ótolulegur grúi stjarna í óteljandi vetrarbrautum. Við skiljum, að á miklum fjölda þessara stjarna eru heimkynni lífsins og hvergi nema þar.

Okkur fer að skiljast, að þrátt fyrir hinar miklu vegalengdir, sem ráðandi eru í alheiminum, er lifið þó ekki einangrað á hinum ýmsu aðskildu jörðum. Allt lif á öllum hnöttum geimsins er í órofa tengslum sín á milli og er lifið á okkar jörð þar ekki undanskilið.

Ýmsir munu spyrja: „Hvernig er það mögulegt, að lífsambönd geti átt sér stað milli stjarna, þar sem vegalengdir eru slíkar, að ljós og rafmagn þurfa hundruð, þúsundir og jafnvel tugmilljónir ára til að komast á milli? Því er til að svara, að lífgeislinn mun hafa óéndanlega miklu meiri hraða en ljós og rafmagn. Hann getur því farið allar vegalengdir geimsins á ör-skotsstund.

Lifið hefur þróast á hærra stig, en hið liflausa efni. Mögu-
leikar þess til hraðgeislunar eru því miklu meiri. Lifgeislun
hefur sannast með ljósmyndatöku í hátiðnisviði og með ýms-
um vísindalegum tilraunum liffræðilegs eðlis. Sannast hefur
með tilraunum þessum að engar hindranir geta staðið í vegi
fyrir lifgeislun. Mun svo og vera með fjarlægðir, að þær séu
lifgeislanum engin hindrun, þótt vísindamenn hafi enn ekki
fært sönnur á þessa fjargeislun milli stjarna, enda hugsa rann-
sóknarmenn á þessu svíði ekki svo langt, að gera ráð fyrir að
sendri lifgeislun úr fjarlægðum himingeimsins.

II.

Margir leikmenn og vísindamenn hugsa nú orðið mjög um
möguleika til sambanda stjarna á milli. Ýmsum mun vera orðið
ljóst að ótölulegur fjöldi jarðstjarna í alheimi muni byggður
vera mannkynjum á mismunandi þroskastigi. Margir velta því
fyrir sér, hvernig samböndum muni vera hattáð milli háþró-
aðra mannkynja hinna ýmsu stjarna. Hafa helstu getgátur þeirra
hingað til verið þær, að rafgeislasambönd séu hin einu hugsan-
legu, því allt til þessa hafa vísindamenn talið, að ekkert gæti
farið hraðar en ljós og rafmagn. Mönnum hefur þó verið ljóst,
að miklir annmarkar muni vera á notkun rafgeisla til stjörnu-
sambanda, vegna þess, hve snigilseinn hann er í fórum, þegar
komast þarf um hinar miklu fjarlægðir geimsins. En öllum
sem hugleiða þessi mál, virðist koma saman um að háþróaðar
verur á öðrum hnöttum hljóti að hafa einhverskonar sambönd
sín á milli.

Og hér er það nú sem kenningar dr. Helga Pjeturss um lif-
geislunina leysa vandann með svo sterkum rökum að varla
verður á móti mælt.

III.

Hver vera geislar frá sér orku nokkurri, og því sterkari orku,
sem veran er þroskaðri og fullkomnari. Við þekkjum á okkar
jörð, mjög mismunandi þroskaðar liftegundir, allt frá einfrum-
ungi til mans. Við gætum því einnig gert ráð fyrir, að mjög
séu misþroskaðar liftegundir á hinum ýmsu hnöttum. Og þá
mætti einnig gera ráð fyrir að á sumum hnöttum alheimssins
séu til svo fullkomnar og alsamstilltar lífverur, að í samanburði

viðmanninn séu þær eins miklu fullkomnari eins og maðurinn er fullkomnari að þroska heldur en einfrumungur. — Vitr-anamenn og trúarhöfundar hafa stundum fengið sambönd við ákaflega fullkomnar, geislandi og kærleiksríkar verur, sem með réttu mega kallast guðir. Af slíkum samböndum hafa komið fram trúarbrögð og trúarhugmyndir. Og vegna slíkra sambanda hafa gerst kraftaverk ýmis konar, svo sem lækningar o. fl. En enn sem komið er hefur mjög skort á, að skilningur hafi verið fyrir hendi. Menn hafa ekki vitað, að guðirnir eru sama eðlis og menn, en þúsundum sinnum lengra komnir að mætti, góð-vild og viti.

Frá hinum alsamstilltu, máttugu verum stafar án afláts lifgeislun, sem magnar og eflir hverja lifveru okkar jarðar og annara jarða. Hinar guðlegu verur leitast mjög við að bæta hið slæma ástand mannkyns okkar. Stefnur verðandinnar eru tvær, hin illa stefna, helstefnan, sem leiðir til sívaxandi hörmunga og hin góða stefna, lífstefnan, sem leitast við að koma lífinu á braut hinnar vaxandi farsældar. Mannkyn jarðar okkar er eins og á útjaðri vitheims, ef miðað er við alheimstilveruna, og helstefnuáhrif eru hér mjög rikjandi, þótt lífstefnuáhrifa gæti hér einnig frá öflugri lífstöðvum annara hnatta. Hér er þó við ramman recip að draga, og þyrfти mannkynið að verða guðnum betur samtaka, svo komist yrði á sanna framfarabraut.

IV.

Lífgeislalækningar

Eitt af því, sem hrjáir mannkyn okkar og flesta einstaklinga þess, eru sjúkdómar í ýmsum myndum. Læknum hefur orðið nokkuð ágengt í baráttunni við þá, og einkum hefur þeim vel tekist sóknin gegn ýmsum farsóttum, sem áður voru mjög mannskæðar. En geta og þekking lækna nær oft skammt.

Annars konar lækningar eru og nokkuð reyndar og stundum með talsverðum árangri. Eru það huglækningar svonefndar, sem öllu fremur mætti þó nefna lífgeislalækningar. Því slíkar lækningar munu gerast fyrir aðstreymi lífgeislunar eða líforku, svo sterkrar, að lækning verður af. En hvaðan berst þessi læknandi lífgeislun? Hvers vegna læknast ekki allir, ef slík læknandi orka er fyrir hendi? Hvers vegna eru þá sjúkdómar eins hörmulegir og raun er á? Margir munu spyrja á þessa leið.

Vissulega mun hin læknandi liforka ætíð vera fyrir hendi, aðsend frá hinum máttugu, guðlegu verum, sem heima eiga á hnöttum annara sólhverfa og annara vetrarbrauta. Mun hún vera sama eðlis og svefninn, sem endurnýjar lifsprótt hvers einstaklings meðan sofið er.

V.

Margir eru þeir hér á landi, sem fást við lífgeislalækningar, og mætti þar nefna menn eins og Ólaf Tryggvason, Margréti frá Öxnafelli, Einar Jónsson og Ragnhildi Gottskálksdóttur. Miðlar Félags Nýalssinna koma hér og nokkuð við sögu, þótt í litlum mæli sé, enn sem komið er. Hafa þessir menn og margir aðrir unnið mjög óeicingjarnt og heillaríkt starf, og hafa fjölmargir fengið bót meina sinna, fyrir milligöngu þeirra. Ég segi milligöngu, því þeir munu fyrst og fremst vera miðlar eða milliliðir milli hinna sjúku og hinna guðlegu vera, sem lækningsmátturinn stafar frá. Með stilliáhrifum sínum gerast þessir huglæknar einskonar farvegur liforkunnar til hinna sjúku.

Nokkuð er mismunandi, á hvern hátt sjúklingar verða varir við lækninguna, sem þeir verða aðnjótandi. Oft er það svo, að þeir finna sterka hlýja strauma fara um sig, og lækning verður stundum algjör á andartaki, þegar best tekst til. En stundum gerist lækningin á lengri tíma. Stundum finnst sjúklingum, eins og læknar séu að fást við sig, og finnst þeir beita áhöldum ýmiskonar skurðverkfærum eða ljósalömpum o. fl. Oft vill svo til, eftir slika reynslu, að ör, skurðir og stungur, sjást á líkama sjúklingsins, og einmitt á þeim stað, sem hann fann mest til.

Erfitt er um fullnægjandi skýringar á fyrirbærum sem þessum, en fjarhrif og fjargeislun mun vera hér um að ræða. Læknar (og aðrar samþandsverur) á annari jarðstjörnu, vita um sjúklinginn og um lækningatilraun þá sem hér er verið að gera. Peir reyna að stilla svo til, að æðri lækningamáttur megi berast sjúklingnum í sem ríkustum mæli, svo að lækning megi takast. Ég vil gera ráð fyrir, að þessir læknar á öðrum hnetti, sem að vísu eru eins líkamlegir og við hér, séu stundum samankomnir í einskonar lækningastöð, þar sem þeir eiga heima. Þaðan berast sjúklingnum þessar fjarskynjanir. Ég vil gera ráð fyrir að í samstarfi við þessa lækna, muni stundum vera aðstoðarmenn

á sama stað, sem stilla sig svo mjög í samband við sjúklinginn hér, að þeir bókstaflega taka á sig um stundarsakir sjúkdómseinkenni hans og þjáningsartilfinningu. Ég vil gera ráð fyrir að þegar þessi samstarfsmaður læknanna er kominn í náið samband við hinn jarðneska sjúkling okkar hér, geri læknarnir þar einskonar aðgerðir á honum eins og ef um væri að ræða hinn raunverulega sjúkling. Þessi lækningaaðferð berst svo sjúklingi okkar hér fyrir fjarhrif eða fjargeislun, og hefur þau áhrif að hann læknast á samri stundu, ef vel tekst til. En ör og skurðir, sem stafa af þessu lækningasambandi, myndast á likama hans og haldast þar um stutta stund, en gróa mjög fljótt og hverfa.

VI.

Undarleg eru þessi lækningasambönd og dásamlegt, að þau skuli stundum geta boríð mikinn árangur, þrátt fyrir hin lélegu móttökuskilyrði, sem hér eru fyrir hendi.

Við getum verið alveg viss um að hinum máttugu, guðlegu verur, gætu sent okkur lækningarorku til að lækna alla mannlega sjúkdóma og bæta úr öllum mannlegum meinum, ef aðeins hagaði betur til um móttöku á jörð okkar.

En til að greiða fyrir guðlegu orkustreymi (til jarðarinnar) þarf aukinn skilning á eðli lífsambanda, aukinn skilning á því, hvaðan okkur berst aukin lifmagnan, sem gæti læknað alla sjúkdóma.

Það er ekki fyrr en með almennum skilningi á sambandsmálum, sem við getum vænst þess, að verulegar framfarir geti orðið í þessum efnum.

Almenn viðleitni til æðri lífsambanda er það sem vantar til að stefnubreyting megi verða.

Ingvar Agnarsson

(*Flutt á fræðslu- og miðilsfund 2. júlí
1974, í Hótel Hveragerði*).

Um kennningar Nýals og um Félag Nýalssinna

I.

Hverjar eru grundvallarkenningar Nýals?

Kenningar dr. Helga Pjeturss er að finna í Nýalsbókum hans, sem eru 6 að tölu og komu út á árabilinu frá 1919 til 1947. (Nýall, Ennýall, Framnýall, Sannýall, Viðnýall og Pónýall.). Helgi var framúrskarandi vísindamaður og gerði brautryðjandi upp-götvanir í íslenskri jarðfræði. Síðar sneri hann sér að liffræði-legum rannsóknum og komst þar að hinum merkilegustu nið-urstöðum.

Grundvallaratriði í kenningum Nýals er það að allt líf sé efn-islegt. Alheimurinn, eins og við þekkjum hann, er byggður upp af efni, frumeindum og sameindum. Aðeins er til efnis-heimur, en enginn andlegur heimur. Það sem skynfærir okkar sjá og skynja er sá eini heimur, sem til er. Þetta er líka hinn eini skilningur á tilverunni, sem vísindin viðurkenna. Öll til-veran er byggð upp af efni, allar jarðir, allar sólir, allar vetrar-brautir, allt það sem til er í þessum óendanlega geimi. Og jörð okkar er einn hluti þessa óprotlega efnisheims. Allir hnöttir og allar lifandi verur eru byggðar upp af þessu sama efni, hvar sem er í alheimi.

Og eins og allt efni hefur sambönd sín á milli, aðráttarsam-bönd og geislunarsambönd, svo hafa og lifverurnar sambönd sín á milli. Þar er komið að öðru höfuðatriði í kenningum Nýals. Lifsamband á sér stað milli lifveranna, hvar sem er í al-heimi, og kemur fram með ýmsum hætti á okkar jörð. Vegna aðsendar orku frá lífheimum annara hnatta hefur orðið fyrsta kvíknun lífs á jörð okkar og síðan framhaldandi þróun, uns því lifstigi er náð, sem nú ríkir hér. Svefninn er eitt einkenni þessa lifsambands.

Í svefni veitist hverjum einstaklingi aðsend liforka frá öflugri lifstöðvum. Enginn getur lifað án svefns. Í draumi höfum við vitundarsamband við aðra einstaklinga. Draumur eins er vöku-lif annars. Í draumi sjáum við og skynjum, það sem einhver vakandi sér og skynjar. Helgi Pjeturss nefndi þann, sem draum-urinn stafar frá draumgjafa, en þann, sem dreymir, draum-pega. Draumgjafinn er stundum einhver samstirningur okkar,

einhver sem heima á á okkar jörð, og hefur slikt draumsamband oft sannast milli vakandi manns og sofandi. Hitt mun þó vera algengara, að draumsambandið sé við einhvern, sem heima á á öðrum hnetti, og þá í einhverju öðru sólhverfi. Pessi skilningur á eðli svefns og drauma er einn af hyrningardeinum kenningar Nýals.

Miðilssvefn er afbrigði nokkurt vanalegs svefns. Sá, sem talar miðilsmunni, er vanalega einhver íbúi annars hnattar, og oft er það einhver, sem framliðinn er héðan af jörð. En mjög er það komið undir stillíahrifum frá fundarmönnum, hvernig miðilssambond takast, hvernig hinum fjarlæga sambandsvini tekst að koma því fram, er hann vill fræða þá um.

Lifgeislan frá öflugum og kærleiksríkum mannkynjum annara hnatta streymir stöðugt til alls sem lifir á jörð okkar. Pang-að er að rekja öll lækningakraftaverk, sem hér gerast. Lifgeislalækningar gætu orðið hér miklu tíðari, ef betur hagaði til um móttöku hinnar aðsendu orku. Lifgeislan hefur nú sannast með tæknilegum aðferðum, svo að enginn getur á móti mælt. En það var Helgi Pjeturss, sem fyrstur uppgötvaði hana.

Þegar maður deyr á jörð okkar, hverfur liforka hans þegar til þess staðar, sem honum er skyldastur, þ.e.a.s. til annarar stjörnu og byggir sér þar nýjan likama, jafn efnislegan og þann, sem hann átti hér. Það fer svo eftir liferni mannsins hér á jörð, innraeti hans, hugsunum og gjörðum, hvernig stað hann kemur fram á, er hann flytur héðan. Lifið á framlifsjörðum er miklu samstilltara, en á frumlifsjörð eins og okkar jörð er, og hver maður leggur grundvölli að framlifi sínu, með lífi sínu hér. Þetta mun vera alheimslögmál, sem enginn getur komist fram hjá.

Stefnur verðandinnar eru tvær, lífstefnan, stefna hinnar vaxandi farsældar, og helstefnan, stefna hinnar vaxandi þjáningsar. Á milljónum hnatta í alheimi er lífstefnan ríkjandi. Þar eru hinna alsamstilltu, guðlegu verur. Þaðan streymir hin lífmagnandi orka til alls sem lifir, og enginn getur án verið.

Helstefnan er algjör andstæða lífstefnunnar, og hún er því miður ríkjandi á mörgum hnöttum í alheimi. Áhrifa hennar gætir, þangað sem skilyrði eru til móttöku.

Okkar jörð er frumlifsjörð og allt líf er hér mjög ósamstillt. Lífstefna og helstefna eiga því hér báðar sterkt ítök. En þó virðist svo, sem áhrifa frá helstefnumannkynjum annara hnatta

gæti hér allt of mikið. Um það vitnar allt hið illa, sem gerist á jörð okkar, og sem virðist færast í aukana því lengur sem líður. Um það bera vitni styrjaldir, hungursneyð viða í löndum, mengun, sjúkdómar, svo eitthvað sé nefnt.

Helgi Pjeturss telur, að snúa megi við frá helstefnunni, sem hér hefur rikt svo lengi, og komast á lífstefnuleið. Til þess þarf mannkyn jarðar okkar að þiggja þá hjálp, þá liforku, sem lengra komnir vinir okkar á öðrum hnöttum reyna svo mjög að senda okkur.

En til þess að svo megi verða, verða menn að skilja hvaðan hjálparinnar er að vænta.

Helgi Pjeturss segir svo í upphafi Nýals: „Það sem þúsundir milljóna hafa haldið vera líf í andaheimi eða goðheimi, er lifið á öðrum hnöttum. Þessi hugsun sem segja má með svo fáum orðum, verður upphaf meiri breytinga til batnaðar á högum mannkynsins, en orðið hafa um allar aldir áður.“

Hér hef ég nefnt nokkur atriði úr kenningu Helga Pjeturss um **hið mikla samband** lífsins í alheimi. Á þessari skilningsundirstöðu, sem við Nýalssinnar teljum vísindalega og náttúrufræðilega byggjum við lífskoðun okkar og lífsviðhorf, og viljum vinna að framgangi þessa málefnis, bættum lífsamböndum og við teljum að það eitt geti bjargað mannkyni jarðar okkar frá yfirvosandi háská.

II.

Hversu fjölmennt er Félag Nýalssinna?

Í Félagi Nýalssinna eru um 150 manns félagsbundnir. Ekki er þó svo að skilja að Nýalssinnar eða aðdáendur Nýals séu ekki fleiri. Um allt land, eru þúsundir manna sem lesið hafa Nýal og hrifist af kenningum þeim um tilveruna, sem þar eru settar fram. Félag Nýalssinna var stofnað árið 1950, og hefur síðan unnið að kynningu þessa málefnis á ýmsan hátt: með endurútgáfu allra Nýalsbókanna árið 1955, með eigin mál-gagni, með miðilstilraunum og á ýmsan annan hátt.

Þorsteinn Jónsson á Úlfssstöðum hefur frá upphafi félagsins verið forvígismaður þessa málefnis, og hafa komið út eftir hann nokkrar bækur, um þetta málefni. Við Nýalssinnar teljum að straumur tímans sé að snúast með okkur, því miklu fleiri en áður hugsa nú til stjarnanna og til sambanda við

stjörnurnar. Vísindamenn gera nú viða um heim umfangsmiklar rannsóknir á lífsambandi og hugsambandi og telja það orðið visindalega sannað. Farið er að ljósmynda lifandi vefi með sérstakri tækni, þannig að lifgeislun kemur fram, og telja ýmsir vísindamenn fullsannað að lifgeislun eigi sér stað, en hún var einmitt eitt aðaiviðfangsefni dr. Helga Pjeturss.

Á ýmsum sviðum liffræði og annara rannsókna hafa vísindamenn mjög nálgast niðurstöður hans. Ennþá skortir þó mjög á, að menn hafi komist til fulls skilnings á þessum málum, meðan þeir vita ekki um **samband lífsins** í alheimi, sem telja verður grundvallaruppgötvun dr. Helga Pjeturss og sem ein veitir yfirsýn yfir alla þætti þessara mála.

Ingvar Agnarsson.

(Erindi flutt í útvarpi 23. ágúst 1974).

Greinar

Áttírnar í himnaríki

Ennýall, blaðsíða 25: „Enginn mun neita því að um nýung er að ræða þar sem lífið eftir dauðann er skoðað í hreinu ljósi náttúrufræðinnar . . .“

Ég spurði þá sem ég las þetta fyrir: Skiljið þið þetta? Nei. Svo spurði ég þá: Vitið þið af hverju sólin stendur alltaf á sama stað í himnaríki? Nei. Vitið þið af hverju jörðin er alltaf kyr á sama stað á himninum frá tunglinu skoðað? Nei. Vitið þið að tunglið snýr alltaf sömu hliðinni að jörðinni? Já. Skiljið þið nú, að af því að tunglið snýr alltaf sömu hliðinni að jörðinni, þá er jörðin alltaf á sama stað á himninum frá tunglinu skoðað. Skiljið þið nú að sólin er alltaf á sama stað á himninum frá himnaríki skoðað af því að himnaríki er á hnerti, sem alltaf snýr sömu hliðinni að sólinni sinni. Og þetta er að skoða himnaríki í hreinu ljósi náttúrufræðinnar.

Þegar tunglfararnir voru að safna steinum á tunglinu voru þeir í náttúrufræðings starfi. Að skoða náttúrufræðingana þegar þeir eru að safna steinum í tunglinu, er að skoða þá í ljósi náttúrufræðinnar.

Þegar þú segir einhverjum að fara norður og niður, þá hefurðu réttar áttir í himnaríki. Því að þar er helvítí undir fótum þér hinumegin á hnnettinum, í myrkru og kuldánnum. Skilurðu nú hvað það er að skoða lífið eftir dauðann í hreinu ljósi náttúrufræðinnar?

Þegar þú segir um framliðna menn, að þeir séu hinum megin þá ertu að segja eftir réttum áttum í himnaríki að þeir séu í helvítí. Þetta er villandi tal og hættulegt. Því að hvort þú ferði í verri eða betri staðinn, er undir vilja þínum og viti komið. Og hvort samband þitt er við betri staðinn eða þann verri. Því að viljinn og vitið og krómósomarnir eru það sem flyst á milli.

Kjarnasýran er það. Skilurðu nú nauðsyn þess að skilja lifið eftir dauðann í hreinu ljósi náttúrufræðinnar?

Pjetur Gíslason, Eyrarbakka.

(Lesið á félagsfundi 7. ágúst 1974).

Mættum við fá meira að heyra

Nokkur orð um „áttirnar í himnaríki“

Skemmtilegt var að hlýða á pistil Péturs Gíslasonar um áttirnar í himnaríki, sem lesinn var á félagsfundi 7. ágúst s.l. Framsetning málsins er einkar ljós og einföld og minnir talsvert á þá aðferð góðs kennara að reyna að glæða skilning nemenda á erfiðu námsefni, með því að gripa til dæmisagna og líkinga. En nú er það svo að slíkar líkingar eru sjaldnast algildar og verður því vanalegast að sleppa þeim við framhald námsins og taka upp fyllri og margbrotnari skýringar — en hafa þó gert sitt gagn i upphafi. Og þetta gildir einmitt um þessa fyrstu kennslustund Péturs í stjörnuliffræði. Hann sýnir okkur hvernig fara skal að því, á fyrsta stigi, að upplýsa þá sem lítið vita í þessum fræðum, gerir það meira að segja svo prýðilega, að þeir sem á hlýddu á félagsfundi, töldu sig geta nokkuð af því lært og vildu fá meira að heyra. Og vissulega er nauðsyn á framhaldi slikrar kennslu, því við vitum að í þessari byrjun er að ýmsu ieyti um þá cinföldun málsins að ræða sem ekki er svo auðvelt að komast hjá. Við vitum t.d. að þegar Pétur spyr þann sem hann er að fræða, hvort hann geri sér ljóst að jörðin standi alltaf kyrr á sama stað á himninum, frá tungli séð, — þá er þetta ekki rétt nema í vissum skilningi, því þegar sagt er að eitthvað sé á sama stað, þá er átt við að afstaða þess til einhverra „fastra“ hluta sé óbreytt (sbr. mið á sjó). En nú vitum við að afstaða jarðar okkar á stjörnuhimninum er síbreytileg frá tunglinu séð, sökum þeysireiðar hennar um himingeiminn. Sama gildir auðvitað einnig um sólir þær sem blasa við frá björtum hliðum jarðstjarna með bundinn möndulsnúning, þó þar sjáist trúlega ekki til annara stjarna, sökum sólarbirtunnar. En þetta má kalla rétt í þeim skilningi að jörðin er alltaf jafn hátt á lofti frá sama stað á tunglinu séð.

Svipuðu máli gegnir um aðferð Péturs til að skýra fyrir byrjendum hugtökin **lífstefna** og **helstefna**. Notar hann þar til skýringar hin trúarlegu heiti: himnaríki og helvítí. „Himnaríki er á hnerti sem alltaf snýr sömu hlið að sólinni“ segir hann. Og ennfremur: „þegar þú segir einhverjum að fara norður og niður, þá hefurðu réttar áttir í himnaríki, því að þar er helvítí undir fótum þér hinu megin á hnnettum, í myrkru og kuldanum.“ Með orðinu „himnaríki“ er að sjálfsögðu ekki átt við bústaði svo fullkomenna lífvera að við teljum rétt að kalla þær guði. Því samkv. nýölskum skilningi á hin illa stefna enga tilverumöguleika í svo nánu sambýli við guðleg öfl. Svo fjarri fer því að þetta tvennt geti átt heima á einum og sama hnerti, að til munu vera vetrarbrautir sem eru ein guðleg samstillt heild. Engir hnettir munu því vera til þar sem guðlegt lif er á sólarhlið, en helstefnulif á hinni dimmu. Enda væri annar skilningur varla samrýmanlegur stillilögmalinu og öllu eðli lífsframvindunnar. Með samlíkingu sinni á Pétur því aðeins við þá hnerti með bundinn möndulsnúning þar sem mannlif á lífstefnuleið er á hinni björtu hlið en hið gagnstæða á hinni dimmu. Enda munu trúarkenningar fyrri tíma manna um betri og verri staðinn vera tilkomnar fyrir sambandsskynjanir til slikra hnatta. Svona samiíkingar eru án efa gagnlegar, jafnvel nauðsynlegar, við að glæða fyrsta skilningsneistann, en þær eru ófullnægjandi til fulls skilnings og geta valdið misskilningi ef ekki fylgir frekari fræðsla.

Réttilega bendir Pétur á þokukennnt og villandi tal fólks um lifið „hinumegin“. Þó finnst mér þar heldur hvatvislega að orði komist. Því það er alkunna að þegar fólk talar um að framliðnir séu „hinumegin“ þá er ekki átt við annað er það að þeir séu fluttir af jörðinni, komrir „handan við gröf og dauða“ eins og einnig er oft sagt. En í þessu orðalagi felst ekki neitt gæða mat á dvalarstöðum framliðinna, þó flestir muni gera ráð fyrir að þar taki eitthvað betra við.

Síðasta atriðið í grein Péturs virðist þurfa skýringa við. Jafnvel enn frekar en hin fyrri. Mér skilst að Pétur áliti, að það sem flyst til annars hnattar þegar maðurinn deyr á jörðu, sé hið sama og visindamenn nefna kjarnasýru. Ekki treysti ég mér til rökræðna um þetta efni að svo komnu, en vil þó geta þess að mér virðist slik ályktun haepin.

Pakka ég svo Pétri að lokum fyrir þessa þörfu hugvekju og

vona að hann og aðrir fróðir menn, miðli okkur, hinum ófróðari, ýtarlegri fræðslu um þessi mál og önnur.

Helgi Guðlaugsson,

15. ágúst 1974.

Um „Íslendingabyggð á öðrum hnetti“

Ég hef verið að endurlesa „Íslendingabyggð á öðrum hnetti“ eftir Guðmund Davíðsson á Hraunum — sem ég hef annars sjaldan gripið í undanfarin ár — og kom mér á óvart að sjá hve bókin er góð, og ýmsar upplýsingar hennar merkilegar. Vakti þetta mér þá um leið ýmsar hugsanir um manninn sjálfan sem ritaði eða varð farvegur þess að bókin var rituð. Guðmundur mun, jafnframt því að vera dugandi bóndi, hafa verið ekki aðeins vel viti borinn og gagnheiðarlegur, heldur einnig í álti sem forustumáður um ýmis félagsmálefni í sínu héraði. En eins og alkunnugt er, þá er jafnan litið til slíkra manna með nokkuri virðingu og eftirtekt, og því sérstaklega mikilsvert þegar maður í slíkri stöðu verður til að bera fram og styðja það sem mestu varðar.

Meðal hins allra merkilegasta í bókinni „Íslendingabyggð á öðrum hnetti“ er það sem víkur að líkamningum, og endurlikomun á öðrum hnetti eftir dauðann, en einnig að því sem nefnt er þar í bókinni, tvifarar. Minnir það sem þar stendur nokkuð á það, sem ég held að hafi verið algengt einnig meðal þeirra sem hneigðust að Nýal, áður en félagið var myndað og menn fóru hver af öðrum að reyna að brjóta þessi efni til mergjar, komast að rökréttir niðurstöðu sem vel væri stætt á fyrir hverjum sem væri. En það sem áður var trúað, var þetta, að menn geðu sér í hugarlund, að framlíðnir væru staddir **hjá þeim**, þegar sambands var leitað, í likingu við það að menn trúðu á anda áður fyrr og í spíritismanum. Það er nú tölувert fróðlegt að sjá hvernig Guðm. Davíðsson eða sambandsfræðarar hans fara með þetta. Davíð faðir hans talar um þetta við hann 28. ág. 1926 (II. hefti bls. 18), og hrekur þar hinar guðspekilegu og andalegu kenningar, en talar síðan um tvífara-

fyrirbrigðið og heldur síðan áfram: „En ef þið gætuð farið hvert sem þið vilduð, og látið sjá og heyra til ykkar hvenær sem þið vilduð og værið um leið svo næmir að þið heyrðuð úr órafjarlægð, þegar á ykkur væri yrt, þá væruð þið útbúnir eins og við erum. Við getum nefnilega farið hvert í heim sem við viljum og okkur er leyft að fara í, á hverju augnabliki sem við viljum, og eins og því er farið með tvifarana hjá ykkur, þá verður þetta með meiri hraða en leifturhraða.“ Ennfremur segir faðir hans (16. apr. 1929): „Það er reyndar búið að segja þér hvernig við líkónumst þegar hingað er komið... Sem stendur er þér nægilegt að vita það, að líkamning okkar á sér stað. Þær líkamningar sem eiga sér stað t. d. á miðilsfundum, eru alveg sérstaks eðlis. Og það eru í raun og veru ekki **við sjálf**, sem þá komum fram, heldur gervi tvifaranna okkar, sem við getum tekið á okkur, þegar við viljum og þurfum á að halda til þess að geta gert okkur þekkjanlega, og sanna okkar nærveru — auðvitað sem tvifara. En þetta hafa menn almennt ekki skilið ennþá.

Þetta segir í bók Guðmundar, og er nú fróðlegt að bera þetta saman við, í fyrsta lagi þá **reynslu**, sem sumir eru til vitnisburðar um í sambandi við það að sjá svipi og líkamninga, og í öðru lagi við aðra **sambandsvitneskjú** sem náð hefur að koma fram og mikilsverð er. Ég tek það fram, að þó að ég meti mikils sambandsvitneskjú, fyrir miðilsmunn eða ritmiðils eða á hvern hátt sem er, þá finnst mér það aldrei jafnast á við það að sjá og heyra fyrirbærin sjálfur, eða jafnvel einungis það að hafa spurnir af því að slikt hafi gerst hér. Fyrirbæri af þessu tagi, sem raunverulega gerast, og menn verða vottar að, eru hið eina sem dugað getur til að gera þetta málefni sigursælt hér á jöld, og satt að segja hefur mig stundum furðað á því hve litinn áhuga Nýalssinnar hafa stundum sýnt gagnvart því sem nefnt hefur verið „fljúgandi diskar“ — því að við slik fyrirbæri hnykkir hinum ranga hugsunarhætti, og fátt sem hann þolir verr að fréttir fari af. „Diskarnir“ eru auðvitað líkamningafyrirbæri frá öðrum hnöttum (þeir eru ekki nærrí alltaf diskлага!), og þetta eiga Nýalssinnar að láta dynja á samferðamönnum sínum, þegar tækifærin gefast — hvað sem liður þessu skrifna nafni, sem enginn vandi er að útskýra og leiðrétt. En hverfum nú aftur að tvíförum Davíðs föður Guðmundar. Hann segir að þeir geti sent þessa tvifara sína hvert

sem þeir vilji, og annar prestur sem einnig ritar hjá Guðmundi segir 28. mars 1929: „Ég verð því að nota mér þann kraft, sem við höfum yfir að ráða hérna megin og koma til ykkar sem tvífari, og þó með fullum og sjálfstæðum vilja; og við höfum líka ráð á því að láta likama okkar að nokkru leyti fylgja eftir andanum, þ. e. a. s. við getum látið hann likamnast og gjört oss sýnilega fyrir augum sumra ykkar. Ég sit hér í hægindastól heima hjá mér, og tvífari minn er hjá þér og hvíslar að þér.“

Í þessu er gert ráð fyrir a. m. k. tveimur stigum í tilkomu „tvífarans“, nefnilega fyrst því að sendandinn situr sjálfur í hægindastól sínum á öðrum hnetti, en samtímis er „tvífari“ minn hjá þér og hvíslar að þér“ — ósýnilegur. En þetta líktist nú einmitt mjög miðilssambandi á því stigi sem við höfum kynnst í tilraunum okkar og algengast er, og er í því fólgjð að hugsanir eru sendar frá hinum framliðnu í von um viðtöku. Næsta stig er eftir því sem þarna segir að þeir „fylgja andanum eftir“, „likamast og gjöra sig sýnilega fyrir augum sumra ykkar“. Þarna virðist vera átt við það að koma fram í sambandssýn og þó einnig sem svipsýn eða byrjandi likamningur. Til viðbótar þessu mætti nefna þriðja stigið, sem óefað er einnig til, en það er að sá sem likamninginn sendir kemur allur fram í hinum nýja stað og verður ekkert eftir af honum. Hafa verið algengar frásagnir af þessu í sambandsboðskap okkar, og er gefið til kynna, að slikt heyri til hinu hærra og fullkomnara magnanar eða samstillingarstigi. — Hvað er nú annars um þetta að segja frá sjónarmiði okkar Nýalssinna, þetta, að tvífarar „fari“ frá vakandi mönnum og komi fram annars staðar? Mér virðist ekkert mæla gegn því að þetta megi á nokkurn hátt til sanns vegar færast, þó að ég kjósi annað orðalag. Þorsteinn Jónsson hefur gert þá greiningu milli sambandssýnar og likamnings, að likamninginn hljóti allir að sjá, sem hjá honum eru staddir, en sambandssýnir samsitjenda geti verið sín úr hverri áttinni, jafnframt því sem sumir sjá ekki neitt. Var greining þessi mjög þörf og glöggvandi, og hefur ekkert orðið til að hnekkja henni fyrir mér frá því að ég fyrst kynntist henni, en mikil hjálp í henni til að átta sig á sambandsfyrirbærum. En slikt þarf ekki að rekast á það sem ritast hefur hjá Guðmundi þarna. Guðmundur situr í kompu sinni þarna norður á Hraunum, og þykist eins og skynja návist einhvers fyrir aftan sig,

jafnframt því sem handleggurinn hristist og titrar, þangað til hann fer að rita ósjálfrátt. Hvað er þetta sem honum finnst vera fyrir aftan sig og hvísla að sér? — Í raun og veru ekkert annað en fjarsambandið segjum við Nýalssinnar. En er það nú alveg víst, að svo sé? Auðvitað er „hvíslid“ ekkert annað en fjarsambandstal, sem verður að „hvísli“ í huga viðtakanda af því hve dauft það er. En getur ekki verið, að jafnframt sliku tali sé um að ræða viðleitni hins framlíðna til að byggja sig upp í návist viðtakandans, viðleitni, sem þó gat ekki orðið að veruleika. Mér kemur í hug í þessu sambandi sagan „Stýrðu í norðvestur“, sem áður hefur verið til umræðu í þessum samböndum. Likamningur kom fram á skipi og skriffaði á töflu skilaboð um hvernig finna skyldi annað skip, sem var í sjávarháska. Þegar komið var að hinu nauðstadda skipi og björgun hófst, þekkti sá sem „vofuna“ hafði séð einn farþegann af því. Kom það í ljós, að sá maður hafði sofnað um það leyti sem sýnin sást, og hafði hann eftir á haft orð á því að þeim mundi verða bjargað. Með c̄ðrum orðum, þá „sendi hann frá sér tvifara“ — en þetta skyrir Þorsteinn Jónsson þannig að lengra kominn maður á öðrum hnetti hafi notað kraft frá hinum sambandsnæma manni til þess að koma upp likamningi á björgunarskipinu. Alveg eins og framlíðinn maður á öðrum hnetti sendi Guðmundi Davíðssyni kraft sem miðaði bæði til fræðslu og til uppbyggingar likamnings (sem þó gat ekki orðið af), þannig sendi hinn lengra komni á öðrum hnetti kraftinn til uppbyggingar likamningsins á skipinu, en þó þannig að hann varð að nota til þess kraft frá hinum sofandi manni á nauðstadda skipinu á þann hátt að likamningurinn kom fram í gervi hins sofandi manns. Likamningurinn var því „tvifari“ hins jarðneska manns, en meðvitundin og viljinn var frá hinum lengra komna, enda kom það fram í frásögninni að draumamanninum fannst hann gjörþekkja þessar siglingaslóðir sem hann hafði aldrei fyrri komið á.

Af þessu má sjá, að sambandsboðskapur Guðmundar Davíðssonar hefur við raunveruleika að styðjast, er i aðalatriðum áreiðanlegur, og þó að við kjósum nú sem Nýalssinnar að orða sumt öðru við en hann, kastar það ekki neinni rýrð á orðfæri hans, sem er yfirleitt prýðilegt. Að því mun koma, að við getum öll sent frá okkur „tvifara“, þannig að aðrir munu sjá okkur samtímis því sem við þó erum virk og starfandi á öðrum stað.

— Mun þetta verða með aðstoð leiðbeinenda á öðrum hnöttum, sem hjálp vilja veita, og í samræmi við þann vilja sem stefnir að því að koma sér hér við til björgunar mannkynsins og alls þessa hnattar sem er okkar heimkynni. Munu fjarmyndir okkar verða mjög virkar við að snúa mönnum til fylgis við þetta mál, sem eitt getur bjargað.

Að lokum vil ég geta þess í sambandi við Íslendingabyggð á öðrum hnetti, nákvæmninnar og réttsýninnar vegna, að ég kem því ekki heim sem segir þar um gang jarðar þeirra um sólir tvær — að ein sé jafnan á lofti þegar önnur gengur undir. Til þess að svo væri yrði jörðin að vera kyrstæð þar á milli tveggja sólna, en slíkt getur ekki átt sér stað, og virðist þarna eitthvað hafa farið á milli mála — enda varla við öðru að búast því að fáir munu hafa verið mjög stjörnufróðir í nágrenni Guðmundar í þá daga, til þess að stilla hann til réttrar sambandsvitneskju hvað þetta snerti. Er sums staðar dálitið óljóst tekið til orða um þessar tvær sólir — en gaman hefði verið að vita dálitið nánar um afstöðu þeirra, því þá hefði mátt reikna út allan gang þeirra og sambönd út frá aflfræðilögumálum Newtons.

Þorsteinn Guðjónsson.

„Tilfinning hins áður séða“ („dejà vu“)

Gerða segir við mig: „Já, mig dreymdi í nótt, að ég kæmi einhvers staðar og sæi þar „skenk“ (stofuskáp), sem var alveg eins og okkar nema hvað hann var hvítur — og ég fór að hugsa: „nú, eru „þau“ búin að fá sér svona“. — Það er annars skrítis, hvað ég hef glögga endurminningu um þetta, og ég get ómögulega gert greinarmun á því og mínum eigin endurminningum. Getur verið (segir hún) að ég hafi séð þennan skáp í ferðinni (við komum aðeins á two bæi) — nei, það er óhugsandi með öllu — getur verið að það hafi verið hjá henni frænku minni sem ég heimsótti skömmu áður? (ekki gat það heldur verið).“

Pannig rakti hún hugrenningar sínar, en ég spurði hvort hún myndi nokkuð fleira úr draumnum, varðandi persónur og

atvik. En það var ekki nema hvað búnaðinn í stofunni snerti, sem hún mundi allvel og þó þetta bezt. En hitt sótti jafnan á hana að þennan atburð hefði ekki borið að þá um nóttna heldur einhverntíma áður, og þó að henni væri ljóst að um draum var að ræða, sótti það mjög á hana að vökuatvik hefði þetta verið, og það jafnvel þannig að sjálf hefði hún verið að minnast bessa atviks dagana þarna á undan.

Draumur þessi er merkilegur, e.t.v. ekki aðallega vegna efnis hans, heldur vegna þeirra meðvitundaráhrifa, sem hann ber vott um. Það virðist ljóst, að það sem dreymanda barst þarna, fyrir samband, var ekki aðeins sýnin sjálf, þ.e. stofuskápurinn og annað í herberginu, heldur einnig endurminningaföruneyti þessara sýna í huga draumgjafans. Konan sem sá þennan skáp sjálf, draumgjafinn hlýtur að hafa verið búin að sjá hann áður, verið farin að eiga endurminningar um hann, og voru þessar endurminningar mjög ríkar í huga hennar. Og svo gerist þetta merkilega, að þessar endurminningar verða samferða sýnni yfir í huga dreymandans, svo að einnig henni finnst hún vera margbúin að sjá skápinn að undanförnu — enda þótt hún gerði sér fulla grein fyrir því að slíkt gat ekki átt sér stað. Svo áleit-in var þessi tilfinning að hafa áður séð þennan stofuskáp, að hún var marga daga að berjast við þessar endurminningu, sem ekki var hennar eigin. — Það má nú nærri geta, úr því að svo fer þeim sem skilning hafa á þessum eftum. hvort ekki muni reynsla af þessu tagi valda ýmsum ruglingi í huga þeirra sem ekki aðeins skortir skilning heldur hafa jafnvel alist upp við einhvern rótgróinn misskilning, eins og t.d. þann, að um endur-minningar úr „fyrra lífi“ sé að ræða.

Aðsendar endurminningar eru aðalundirrót endurburðar-kenningarinnar, og jafnvel aðalnæringarefni hennar ef svo mætti segja, og er hér um að ræða ekki ófróðlegt dæmi þess hvernig slíkar minningar koma fram. En það virðist vera nokkuð misjafnt hversu mjög fólk á vanda til slíkra drauma, og er við því að búast, að þeir sem oft verða varir við slíkar annarlegar endurminningar í huga sér, (jafnvel án þess að gera sér grein fyrir sambandi þeirra við drauma) séu öðrum fremur fastheldnr á þá trú — meðan skilninginn vantart.

Áður fyrr fékk ég stundum mjög áleitna tilfinningu þess, eða meðvitund um, að það sem var að gerast í kringum mig, hefði einhverntíma áður gerst. Það undarlegasta við þessa til-

finningu var, að mér þótti sem atburðurinn hefði gerst nákvæmlega eins áður, væri hreint og beint að endurtaka sig í smáatriðum á sama hátt og áður. En heilbrigð skynsemi sagði mér að slikt væri óhugsandi. Einhvern tíma sat ég á Hótel Skjaldbreið — það þótti fullgóð tiska í þá daga, en ég gerði það nú heldur sjaldan — ásamt þremur kunningjum mínum, tveir þeirra eru nú látnir — og fer ég þá að finna mjög eindregið fyrir þessum meðvitundaráhrifum. Fór ég þá að hafa orð á þessu við hina, og nefni jafnvel að þetta að hafa orð á þessu finnist mér ég einnig hafa gert á sama hátt áður. Þetta voru sambandsáhrif, og þó var meðvitund mín skýr og vel vakandi. Hugurinn var stilltur og kyrr, og vissi þó ekki hvað hann átti við þetta að gera. Ég hef oft hugsað um það síðar hvað þetta hafi verið, og hafa mér komið í hug tvær skýringar, sem ég nefni hér báðar. Önnur er sú, að framliðinn maður, sem kunnugur var á þessum stað, hafi verið að beina til mín vitundaráhrifum sínum, vegna hagstæðra stilliáhrifa hér, hafi síðan minning hans um staðinn, endurvakin í mér magnast upp í það að verða að tilfinningu þess að allur atburðurinn hafi áður gerst. — Hin skýringin, og sú sem mér þykir líklegri, er að ég hafi þarna verið að verða einhverjum sofandi manni á annarri jörð draumgjafi, en við það að veita honum þátt i vitund minni hafi hugur sjálfs míns orðið betur vakandi, en endranær og jafnframt þá hæfari til að minnast síns eigin. En að því er stefnt með hverju draumsambandi að draumþeginn fái sem allra dýpst og nánasta vitneskju um allt sem til er í huga draumgjafans.

Ólafur Haraldsson Noregskonungur (995—1030 — Ólafur helgi) reið eitt sinn um fagra byggð, sem hann hafði ekki áður séð, að því er ráða má af frásögninni (Flateyjarbók). Segir þá konungur: „hér várum og hér fórum“, og mætti nú hvort sem væri taka þau orð sem vitnisburð um þessa „tilfinningu hins áður séða“, eða um endurburðartrú. Það sést á frásögninni að menn hafa talið þau bera vott um hið síðarnefnda. En það sem mér er nú efst í huga er sú spurning hvort svo muni ekki vera, að þetta sé hvað öðru skylt: að eiga minningar frá öðrum, og hitt að finnast sem nýr atburður hafi áður gerst.

Þorsteinn Guðjónsson.

Undarlegur hlutur á himni

Pann 16. ágúst 1974 gekk ég út á hlað seit um kvöldið og leit til lofts. Heiðskírt var að mestu, en þó smásíký á vesturlofti. Reikistjarnan Júpiter var lágt á lofti í suð-austri, (birta 2,4) og einnig mátti vel greina hinum bjartari af fastastjörnum.

Tók ég óðar eftir stjörnu sem var yfir Miðfelli í 15 gráða hæð, sem var mjög björt, og stafaði frá sér rauðleitu ljósi.

Birtan var um — 2 stig. Þar sem ég átti engrar stjörnu von þarna gætti ég betur að og saá að þetta var ekki stjarna, heldur einhver hlutur, því ljós þetta hreyfðist allhratt til vesturs. Horfði ég á ljós þetta, sem var í upphafi í suð-suðvestri, í nokkrar sek. en kallaði þá á Önnu að koma og sjá. Horflum við síðan bæði í nokkrar sek. en þá hljóp ég inn og sótti sjónauka, en þegar ég kom út aftur, eftir ca. 10—15 sek., var hlutur þessi horfinn, og sagði Anna að hann hefði horfið bak við lítið ský sem þarna var. Fylgdist ég með skýi þessu í sjónaukanum, en ljós þetta kom ekki fram undan því aftur, og sást ekki fram. Var það með ólikindum, því með sama hraða hefði hlutur þessi ekki átt að vera á bak við skýið nema nokkrar sek. Litaðist ég um nokkra stund eftir þetta en saá ekkert frekar. Meðan ég horfði á ljósið hreyfast sá ég það tvisvar hreyfast lóðrétt upp og niður, þvert á stefnu sína, og gerðist það mjög snöggt. eins og það „dytti“ niður um 4—5 breiddir sínar. Þessar lóðréttu sveiflur kvaðst Anna ekki hafa séð, en að öðru leyti sáum við hið sama. Um það bil 30 sek, eftir að við misstum sjónar af hlutnum heyrðist þotudynur, en ekki var hægt að greina hvaðan hann kom. Ekki er ástæða til að ætla að ljós þetta geti hafa komið frá þotu eða flugvél, því bæði var birta þess skærari, og ljósið miklu meira tindrandi en ljós á nokkru því tæki sem ég hefi séð.

Meðan við Anna horfðum á ljós þetta hreyfast leit ég á klukku mína, og hún var 23,23.

*Garðar Olgeirsson,
Hellisholtum, Hrunamannahreppi.*

Draumar

DRAUMUR UM HVERASVÆÐI

Mig dreymdi að ég var úti að ganga og kom að talsvert stóru hverasvæði. Voru sumir hverirnir sjóðandi en aðrir voru lygnir pollar. Upp úr hverunum lagði gufu beint í loft upp. Á hægri hönd við hverina var einstakur klettur, sem mér virtist vera nokkrir metrar á hæð. Ég horfði um stund á hverina, og hugleiddi, hvort ég gæti komist áfram á milli þeirra. Gekk ég fram á milli nokkurra hvera, og fann ég að þarna mundi ótryggt vera undir fæti. Og leist mér þó verr á, er lengra kæmi. Þótti mér mikil tvísýna, að ganga þarna á milli hveranna. Hugleiddi ég um stund hvar helst skyldi fara. Komst ég loks að þeirri niðurstöðu, að ég ætti alls ekki að ganga yfir hverasvæðið, heldur að taka stóran krók á leið mína og fara fram hjá því. Draumurinn varð ekki lengri.

Ég hef stundum talað við menn, sem álita að okkur dreymi ekki hugsanir heldur aðeins beinar skynjanir. Ég þykist hafa aðra reynslu af mínum draumum. Því hugsanir eru oft nokkur hluti drauma minna.

Í þessum draumi eru engar rangþýðingar úr vöku. Það sem ég sé, þýði ég ekki fyrir neitt, sem mér er áður kunnugt. En hugsun er eitt aðaleinkenni draumsins. Draumgjafi minn veit að hann er á hættusvæði. Og hann er að athuga og hugleiða möguleika á að komast þarna yfir. En eftir nána yfirvegun liist honum ekki á að halda þarna áfram og snýr því við.

Hugsanir og ályktanir draumgjafa míns berast þarna til min á mjög skýran hátt, ekki síður en sjónskynjanir hans.

Menn ættu að athuga þessa hlið drauma sinna, nánar en gert hefur verið, og trúi ég þá varla öðru, en að ýmsir muni hafa svipaða reynslu og ég af hugsunum í draumum.

Ingvar Agnarsson

(Dreymt 4. apríl 1971).

DRAUMUR UM BROTTFÖR TIL ANNARS HNATTAR

Merkilegum draumi vil ég koma hér að, er mig dreymdi að-faranótt 7. 11. 1973. Hann er eftirtektaverður fyrir það, að draumgjafi minn var að kveðja frumlifsjörð sína og fluttist síðan yfir á aðra stjörnu. Vegna þekkingar hans kom honum það ekki á óvart, sem tók við. Einnig gefur þessi draumur lítilsháttar til kynna um þróun dýranna í framhaldslifinu. Skilaboð þau er draumgjafi minn fékk frá skepnunni, hafa liklega borist á milli með hugsunarflutningi.

Í draumnum var ég rúmliggjandi, við hliðina á mér sat systir míن og fylgdist með líðan minni, með því að preifa eftir likamanum, segir síðan við mig: „Þú ert dofinn á bakinu og átt því stutt eftir.“ „Ég veit það,“ svaraði ég, „ég er allur að dofna upp.“ Þótti mér það eðlilegt og sjálfsagt. Skömmu seinna vissi ég ekkert af mér, hafði ég þá skilið við likamann. Næst er ég vissi af mér þá lá ég á einhverju túni þar sem rökkur var, blæja logn og hlýtt. Reisti ég mig síðan upp og sá grasi gróið engi svo langt sem augað eygði. Áttalíði ég mig strax á því, að ég var dáinn (jarðneskum dauða) og kominn á stað, sem ég ekki þekkti. Þá segi ég við sjálfan mig: „En skrýtið, þetta er alveg eins og ég hafði hugsað mér það.

Meira minnist ég ekki, fyrr en ég er kominn á annan stað, þá var umhverfis mig fámennur hópur af fólk, af láðum kynjum. Hafði það skilið við á undan mér. Þetta fólk virtist ekki vita hvað beið þeirra, en það var þögult og einhver værð hvíldi yfir því. Eftir dálitla stund, er ég hafði horft á fólkid, segi ég við það, að verið geti að einhver komi, sem reyni að glepja fyrir okkur, en við skulum ekki láta það hafa áhrif á okkur.

Síðan finnst mér ég vera kominn svolitið afsíðis. Tek ég þá eftir landslaginu, það var hæðótt og tölувert af trjám, bjart veður var og heiðskýrt. Skömmu síðar kom til míni nokkuð stór hópur af einhvers konar skriðýrum, líkast skjaldböcum og voru þær tölувvert stærri en við eignum að venjast, eða um það bil einn metri á hæð. Eitt af þessum dýrum talaði til míni og sagði að ég ætti eftir að lenda í einhverju basli. Skildist mér þá að þessir erfiðleikar væru þesslegir að ég yrði sendur á verri stað. Þótti mér það svolitið undarlegt þar sem ég taldi mig ekki það slæman mann, en fannst það þó allt í lagi, því ég vissi að ég

yrði ekki lengi þar. Gekk ég síðan tilfólksins og sagði þeim skilaboðin er ég hafði fengið. Við það vaknaði ég.

Þorbjörn Ásgeirsson
(býr í Sviþjóð).

DRAUMUR UM ORM OG AÐDRÁTTARAFL HANS

Mig dreymdi að við vorum einhvers staðar saman, ég og sonur minn. Við vorum að horfa á svartan snák e.t.v. gler-augnaslöngu, sem hringaði sig fyrir framan okkur. Hann var fremur litill, varla meira að þvermáli en 2 þumlungar, en lengdina er ekki hægt að giska á, vegna þess, hve samanhring-aður hann var. Við vorum hálfsmeykir við þennan orm, en töldum hann þó ekki mjög hættulegan. Ég stóð svo sem two metra frá honum. Svo rétti ég út hægri fótinn í átt til ormsins, og fann þá fyrir miklu átaki í fótinn í átt til ormsins. Það var eins og togað væri í fótinn af miklu afli í átt til ormsins. Mér þótti þetta undarlegt og gerði nú fleiri tilraunir á sama hátt. Rétti út fótinn, og í vissri fjarlægð frá orminum, fann ég greini-lega þetta mikla átak. Það var eins og þetta aðdráttarafl frá orminum næði aðeins í vissa fjarlægð út frá honum.

Ég náði nú í stöng og rétti hana í átt til ormsins, en hún varð ekki fyrir neinu aðdráttarafl. Ég ályktaði því, að þetta afl næði aðeins til þess, sem væri lifandi.

Þá sagði sonur minn: „Þetta afl kemur úr illum stað.“

Ég þóttist svara á þessa leið: „Liklega er ormurinn í sam-bandí við illan stað á öðrum hnetti, og hann stillir til sliks sambands.“ Draumurinn var ekki lengri.

Oft hef ég tekið eftir því, að suma drauma má rekja til stilli-áhrifa, frá mönnum, sem ég hef talað við kvöldið eða daginn áður.

Hef ég ástæðu til að ætla, að hér hafi verið um ákveðin stilli-áhrif að ræða frá kvöldinu áður, þótt ekki vilji ég skýra það nánar.

Ingvar Agnarsson,
(21. apríl 1974).

DRAUMUR UM EYJU

Mig dreymdi að ég sat á einhverjum stað og sá þaðan vítt yfir land. Þetta var líkt og ég sæti uppi á mikilli hæð eða fjalli, því útsýni þaðan var mikið. Mér þótti landið sem ég horfði á vera flatlent. Það var eins og breiður skagi, sem mér þótti ganga í norður frá einhverju meginlandi, sem ég hafði þó ekki fyrir augum. Mér þótti allur þessi láglendi skagi vera gróðri þakinn. Ég horfði norður eftir skaganum og í austurátt, og blánuðu austur og norðurmörk skagans vegna fjarlægðar. Norður úr skaganum gekk nes eitt alllangt og mjótt fremst og að vestan og norðan við þetta nes lá eyja allstór aðskilin frá nesinu af mjóu sundi.

Ég þóttist vita af einhverjum mjög merkilegum stað á þessu landi, og þótti mér sá staður heita DEKKA. (Vera má samt, að nafnið hafi eitthvað ruglast hjá mér). Ekki vissi ég, hvar hans væri helst að leita. Ég þóttist hafa hjá mér landabréf, og fór ég nú að bera það saman við landið, sem ég hafði fyrir augum, og bar það allt saman í stórum dráttum. Leitaði ég að nafninu DEKKA viða um kortið en fann ekki. Voru á kortinu mjög mörg prentuð nöfn og öll með smáu letri. Loks fór ég að leita á efri enda kortsins þar sem eyjan var sýnd, og sá þá strax, að þar stóð nafnið DEKKA með stórum stöfum, ég held stærri stöfum en voru annars staðar á kortinu. Á eyjunni voru einnig rituð önnur nöfn, en öll með mjög smáu letri, eins og annars staðar, og reyndi ég ekki að lesa þau. Ég tók eftir, að öll rituð nöfn stóðu lárétt á kortinu, en það er ekki algengt á þeim landakortum, sem tíðkast hjá okkur.

Ég var mjög glaður við að finna þetta nafn, DEKKA, og ég undraðist nokkuð, að þessi merkilegi staður skyldi vera úti á þessari eyju. Ég þóttist sjá á kortinu, hvernig komast mætti á bifreiðum út í eyjuna. Var leiðin mörkuð með punktum, í sveig yfir sjóinn til suðurenda eyjarinnar sjálfrar, og sá ég að sjórinn var þarna dekkri en annars staðar. Þótti mér, sem þarna mundi vera rif nokkurt og væri sjórinn á því svo grunnur að vel mætti komast eftir því milli eyjarinnar og lands.

Ég horfði þó nokkra stund til eyjarinnar, sem blánaði í fjarskanum og mér þótti mikið til um, að nú vissi ég hvar væri þessi merkilegi staður, sem ég hafði verið að leita að.

Ingvar Agnarsson,

(dreymt um 14. maí 1971).

DRAUMUR UM SVIF

OG STÖÐVUN SVIFS

Mig dreymdi að ég var á ferð með fleira fólk. Það gekk en ég sveif rétt yfir jörð við hlið þess. Ég fór að hugsa um mismuninn á því að svifa og ganga. Ég fann að ég var gagntekinn einhverjum krafti, sem olli því að ég sveif. Nú stanzaði hópurinn og ég einnig. En í stað þess að stíga á jörðina, stóð ég í loftinu örskammt frá jörðu. Og ég fann, að ég var enn undir áhrifum þessa sama kraftar. Ég þóttist skilja, að til þess að geta stigið niður á jörðina, yrði ég að losna við þennan auka-kraft, sem hélt mér uppi, og ég skildi, að til þess þyrfti ég að einbeita huganum. Ég gerði nú svo, ákvað að ég skildi stíga á jörðina. Og samtímis fann ég, að ég losnaði við kraftinn, og ég steig til jarðar. Ég fann greinilega, hvernig ég steig á jörðina af öllum þunga. Fann hvernig jörðin togaði í mig með öllu þyngdarafli sínu. Ég stóð þarna um stund, og hugleiddi þennan merkilega mismun á því að svifa og ganga. Svo vaknaði ég.

Ingvar Agnarsson,

(16. mars 1971).

DRAUMUR (SAMTAL UM DAUÐA)

Mér þótti ég vera staddir einhvers staðar, ásamt mörgu fólk. Pótti mér þá einhver koma og segja: „Ég segi ykkur mannslát“. „Hver var að deyja?“ spurði einhver. „Hún Þórkatla. Og andlát hennar var sérstaklega langt og strangt. Það var eins og hún ætlaði aldrei að geta skilið við.“

Einhver sagði á þessa leið: „Það var ekki að furða, þótt henni gengi illa að deyja. Hún naut svo mikillar magnanar í lífinu.“

Draumurinn var ekki lengri. En út frá þeim orðum sem tölud voru í draumnum, gæti manni dottið í hug, að á jörðum, þar sem lífmagnan er meiri, en er hér meðal okkar jarðarbúa, þar sem magnan er tiltölulega lítil. Og er þó dauðastríð manna hér oftast meira en nógu erfitt.

Ingvar Agnarsson,

(18. febr. 1974).

DRAUMUR UM SKESSUKATLA

Mig dreymdi að ég gekk fram á klettabrún, og aðgætti hvort komast mætti þar niður, og sýndist mér svo vera. Mér þótti kona mína vera með mér. Fór hún niður klettana á undan mér og gekk henni það vel. En er hún var komin niður, veitti ég því athygli að uppi á brúninni voru þrjár holur í bergið, nokkuð sérkennilegar. Voru þær kringlóttar og svo sem 25 sm í þvermál. Ég stakk fætinum niður í eina þeirra, svo sem til að gera mér betur grein fyrir þvermáli hennar. Pessar holur voru nokkuð djúpar varla minna en einn metri á dýpt. Tvær af holum þessum lágu hver niður undan annari með stuttu millibili, í einskonar lægð eða gjótu í klettinum. En til hliðar við þennan skorning var sléttur, láréttur klettastallur. Þar var þriðja holan og var hún nokkru mjórri en hinarr. Ég fór að hugleiða, hvernig holur þessar hefðu myndast, og þóttist vita að vatnsbunur eða smáfossar hefðu myndað þær, og að þetta væru svokallaðir skessukatlar. Til þess að ganga úr skugga um að þessi tilgáta mína væri rétt gekk ég aftur nokkuð upp fyrir klettabrúnina, og svipaðist um hvort ekki sæi ég nein merki um fyrrverandi árfarveg eða rennandi vatn, þarna uppi á klettunum. En ég gat ekkert séð, sem bentil til þess, og þótti mér það nokkuð undarlegt. Var ég þó jafn viss og áður um að holurnar í bergið hefðu myndast fyrir áhrif fallandi vatns. Bergið, sem holurnar voru í var ekki ósvipað grágryti. Það var þétt í sér og ósprungið, nema hvað stærri sprungur, lóðréttar, voru með óreglulegu millibili. Ég gekk nú aftur fram á bergbrúnina og kallaði niður til konu minna: „Komdu upp aftur og sjáðu skessukatlana.“ En hún sinnti því ekki. Fór ég nú að klifra niður klettana, og gekk það heldur illa. Svo vaknaði ég.

Draumgjafi minn í þessum draumi hlýtur að vera einhver, sem áhuga hefur á náttúruskoðun, a. m. k. sé hún jarðfræðilegs eðlis, því þarna var um raunverulega athugun að ræða, og nokkur heilabrot og hugleiðingar, því draumgjafi minn vildi reyna að skilja myndun þess, sem fyrir augun bar.

Ingvar Agnarsson

(Dreymt 11. apríl 1974).

DRAUMUR UM SVIF YFIR ÓLGANDI FLJÓT

Mig dreymdi að ég var að svifa yfir landi, sem var fremur flatlent. Kom ég að litlu gili og sveif yfir það. Síðan fór ég aftur yfir slétt land, og sveif fremur lágt, líklega í svo sem fimm til tíu metra hæð. Síðan kom ég að geisimiklu gljúfri. Ég hugsaði, að ekki væri mér óhætt að svifa út yfir það. Svo sveif ég meðfram brún þess um stund, og svo aftur yfir flatlendi. Nú kom ég að miklu fljóti, sem byltist í boðaföllum milli lágra bakka. Ég hikaði nokkuð við, því mér sýndist ófýsilegt að svifa yfir þennan ólgandi straum. En mér fannst ég þurfa að komast þarna yfir, svo að ég herti upp hugann og sveif út yfir iðuna. Tókst mér vel, og náði brátt aftur öryggi í svifinu. Eftir að kom yfir ána, var landið mishæðóttara. Sveif ég þar áfram, og stefndi á háa hamra, sem framundan voru. Þótti mér, ég verða að koðnast upp á þá. Ég hugsaði, að brugðið gæti til beggja vona, hvort mér tækist það, en vildi þó reyna. Þótti mér ég einbeita huganum, og með mikilli einbeitingu tókst mér að svifa upp meðfram þessu háa hamrabelti, og komst loks alveg upp. Steig ég þar niður og lítaðist um. Var fjallið þarna óslétt nokkuð, með klettastrýtum, en ávalar lægðir á milli. Enginn gróður virtist mér vera þarna, en jörðin nokkuð brúnleit. Parna var fólk á strjálingi. Endaði svo draumurinn.

Ingvar Agnarsson,
(31. mars 1971).

Sambandsfundir

Miðilsfundur. 27. ágúst 1973.

Skáld-Rósa (Sveini): Ég er Skáld-Rósa. Ég er stödd í stjörnusambandsstöð stórkostlegri, sem tekur tugi þúsunda manna. Stjörnusambandsstöðvar eru mjög margar á mínum hnetti. Það eru stærstu og veglegustu byggingar hnattarins og ekkert til þeirra sparað. Hingað sækja menn lifsþrótt og orku. — Ég yrki enn, eins og ég gerði á ykkar jörð, en nú yrki ég samt mun betur. Skáld hér reyna að koma ljóðum sínum til jarðarbúa, en þegar best tekst til, koma þau eða andi þeirra fram í hugum jarðneskra skálða, sem þá telja, að þetta sé sín eigin liist og snilli. En það gerir ekkert til. Aðalatriðið er að koma hugsunum sínum fram. — Heimsóknir fáum við oft frá öðrum hnöttum. Nú stendur þannig á, að hér í stöðinni er að koma fram hópur af gyðjum. Þær eru frá fjarlægri vetrarbraut, Ás ynjur. Þær eru svo bjartar að hvelfing stöðvarinnar verður uppljómuð. Og það sem ykkur mun þykja merkilegast: Við öll, sem hér erum viðstödd í stöðinni, einnig við verðum ljómandi, miklu bjartari yfirlitum en áður. Þessum dýrðlegu verum fylgir hljómur mikill og unaðslegur, sem gagntekur alla viðstadda. Og þeim fylgir friður og ástúð meiri en ég fæ skýrt fyrir ykkur. Jafnframt því, sem við mögnumst mjög af nærvetu þessara gyðja, reyna þær að senda ykkur aukna lifmagnan, aukinn þrótt, sem hinir næmustu ykkar munu e. t. v. finna fyrir.

Okkar hnöttur er miklu stærri en ykkar og sól okkar miklu stærri og bjartari. Munur er árstíða, en ekki eru hér hörkur á vetrum og ekki of heitt á sumrum. Er ég nýflutt til þessa hnattar. Við nærumst á liforku aðallega. Ávextir eru eina næringin að öðru leyti og drykkur. Við nærumst af hinni miklu lífsorku. Verið sæl.

Miðilsfundur haldinn 18. mars 1974.

Helgi Pjeturss: Helgi, renum við að koma orðum og vitneskju til ykkar. Það verður reynt að magna fund ykkar og reynt að hugsa til ykkar og munu einhverjur segja til sín, ef möguleikar leifa. Vonandi tekst nú greiðlega sambandið í kvöld, þegar þið nú sitjið þennan fund. Þá er margt framliðinna vina ykkar og skyldfólk að hugsa til sambands við ykkur, og þeirri þörf að gera vart við sig, er æskilegt að sé reynt að fullnægja sem skyldi. Viðleitni til að greiða fyrir fullkomnara sambandi við framliðna, er því mjög mikil nauðsyn, að megi verða sigursæl. Mun það verða því árangursríkara, sem réttari skilningur á eðli sambandsins er til staðar og því meiri samhugur og áhugi sem er á ykkar jörð. Þetta þyrfti að ná meiri stuðningi fjöldans, en hingað til hefur orðið. Já, og ekki veitti af samhug þúsunda og væri árangurs að vænta við slik skilyrði, sem annars er ekki kostur.

Spurning: Hefur þú gert jarðfræðiathuganir á þínum hnetti?

Já, ekki svo lítið hef ég fengist við slíkt.

Spurning: Gætirðu frætt okkur eithvað um þau efni?

Að þessu sinni er ekki mikið hægt að segja.

Spurning: Hefurðu gert sambærilegar uppgötvanir þarna, eins og þú gerðir, meðan þú varst hér?

Ég hef talsvert skýrt jarðsögu þessa hnattar, sem ég er nú íbúi á. Merkileg er jarðfræði sérhvers hnattar, reyndar er mjög nauðsynlegt að þekkja hana, svo sem tök eru á. Mjög mikilsvert er að vita þar nokkuð vel aðalatriðin. Ekki þarf að efa, að með réttum athugunum má fullkomlega skýra þá sögu og rekja hvernig hún hefur gerst. Þetta greiðir fyrir skilningi á þróun hnattarins og eðli hans og jafnframt snertir það líffræðina ekki lítið, sú saga.

Spurning: Geturðu sagt okkur, hvort jökulaldir hafa gengið yfir á þínum hnetti?

Nokkurn veginn tel ég ljóst, að svo hafi verið. Nánar um það síðar. Þetta er ekki auðvelt umræðuefni að þessu sinni, í kvöld, og skulum við gefa fleirum orðið.

Miðilsfundur haldinn 14. febrúar 1972.

Prúður Jónsdóttir: Sael, ég er Þrúður. Læt ég í miér heyra. Reynum að sameinast um, að senda ykkur orku. Mjög er reynt að magna fundi ykkar. Við erum hér, við Ólafur og fleiri vinir okk-

ar og kunningjar og er hér indælt að lifa. Hér er stór hópur Íslendinga. Mjög margir koma hingað. Þessi hnöttur er einn af framlifshnöttunum. HHingað koma þeir, sem okkur eru skyldastir. — Allir hafa miðilshæfileika, en hann kemur misjafnlega fram á jörðu ykkar. Það má efla þennan hæfileika og sannfærast um að þar er um sambandshæfileika að ræða. Ég er farin að svifa. Ég get svifið nokkuð hátt og farið þannig nokkuð langa vegalengd. Mjög oft tökum við okkur nokkur saman og förum þannig í næsta nágrenni okkar. Við hér njótum mun meiri orku en þið þekkið og hér eiga menn mjög auðvelt með að sameina örku sína og gera þannig hóp manna mjög öflugan.

Spurning: Finnið þið fyrir kulda, er þið svifið svona hátt?

Svífum við hvergi nærri svo hátt. Mér þótti mjög merkilegt að sjá, þegar menn svifu upp frá jörð og skildi ég ekki þá, hvað um var að vera. Við notum mest það lag, að setja hendur niðu rmeð síðum og einbeita hug okkar að því, að við ætlum að hefja okkur til flugs. Við getum hreyft hendur okkar, okkur að skaðlausu, eftir að við erum á loft komin. — Mjög vildi ég að fundir ykkar mögnuðust svo, að hægt væri að tala við ykkur óhindrað og skýra ykkur frá lífi okkar hér. Vonum við, að ekki verði mjög langur tími þar til við getum talast við. Munum við reyna að senda þá orku, sem við höfum yfir að ráða.

Miðilsfundur 27. desember 1971.

Sif (ásynja): Sæl öll. Munum við áreiðanlega koma sterktar örku hér að og geta efti afslvæði ykkar stórkostlega. Vona að þið getið nú samstillst öllum hinum á ótal hnöttum í órafjarlægð, og getið þið ekki látið ykkur koma það allt í hug. Hef ég, sem tala nú við ykkur í þessu sambandi skynjað þangað héðan, líkt og um örskamman spöl væri að ræða. Með lífgeislans tilstyrk skynjum við órafjarlægar stjörnur í ótal vetrarbrautum. Ég skynja mjög til ykkar hnattar, í huga mínum, líkt og ég sjálf væri komin þangað, og það furðulega er, að ég skynja þar ekki einungis til ykkar stöðvar, heldur um allan hnöttinn og á hverjum stað er ég sjáandi. Og um leið get ég algerlega rannsakað lifið og hnöttinn sjálfan og alla hina fjölbreytilegu þætti náttúrunnar. Og með þessari skynjun get ég náð til sögu jarðarinnar. Pessu er óskýrt lýst, og er erfitt að segja til fulls.

Miðilsfundur 23. marz 1970.

Séra Jónmundur Halldórsson: Ég hafði haldið að ég kæmist nær guði eftir dauðann, en sannleikurinn er sá, að ég er hér litlu nær honum en áður, nema að því leyti, að hér ríkir miklu meiri samhugur og góðvild en á jörðinni.

Hér er jörð alveg eins og hjá ykkur, mold, grjót, gróður, dýr, fjöll, höf, allt er hér eins ábreifanlegt og hjá ykkur. Min jörð er í um 60 þús. Íjósára fjarlægð frá ykkar jörð. Mér hefur verið sagt, að hægt sé að sjá ykkar sól frá okkar jörð í góðum sjónauka. Annars er ég ekki vel að mér í stjörnufræði.

Miðilsfundur haldinn 19. júlí 1971.

Freyr: Við erum staddir hér í okkar stjörnusambandsstöð á okkar hnerti. Og hér er nú staddur gestur frá fjarlægri vetrarbraut. Hann er ákaflega fagur, og það lýsir mjög af honum. Honum fylgir mikill og fagur hljómur. Lifið i hans vetrarbraut er enn fuilkomnara en hjá okkur. Slikar heimsóknir eru algengar hér. Okkur hér fylgir einnig hljómur, en ekki eins fagur og hjá þessum gesti.

Miðilsfundur haldinn 13. september 1971.

Séra Jónmundur Halldórsson: Nú fer að ganga betur hjá ykkur. Bráðum má fara að kalla það samband við aðra hnerti. Margir í vetrarbraut okkar reyna að skapa ykkur betri sambönd. Mjög hlökkum við til þeirrar stundar, þegar við getum farið að tala við ykkur eins og aðra vini okkar á öðrum hnöttum. Ég tala frá heimahnetti mínum, en aðrir taka sér stundum ferð á hendur og heimsækja stöð Helga og tala þaðan við ykkar stöð. Stjörnusambandsstöðvar eru mjög margar á hnerti mínum og jafnvel mun fleiri að titlölu en kirkjur á ykkar hnerti. Ég veit ekki hvernig við kæmumst af, ef við hefðum ekki stöðvar okkar.

Miðilsfundur haldinn 2. ágúst 1971.

Gottskálk biskup (grimmi): Loks kom að því að ég fékk tækifæri til að tala við ykkur. Ég vil aðeins segja að þið eruð á réttri leið. Ég hef átt heima á nokkrum hnöttum. Já, segja

má, að ég hafi verið grimmur, er ég var á jörð ykkar. En ekki fannst mér það þá. Ég þóttist aðeins vera stjórnsamur og vildi að aðrir hlýddu mér. En þegar ég kom yfir á annan hnött áttu afleiðingar þessarar stjórnsemi eftir að koma í ljós. — Þar sem ég á heima núna er mjög fagurt.

Ónefndur gestur í stöð Helga: Ég bý í sömu vetrarbraut og þið. Huöltur okkar er orðinn vel á lifestefnuleið. Auðvelt eignum við með að hafa samband við vinahnetti okkar, og eru þeir margir í okkar vetrarbraut. Auk þess eru margar vetrarbrautirnar; sem við þekkjam vel til. **Ég hef aldrei dvalist á hnnett ykkar.** Ég hef mikinn áhuga á að skilyrði skapist á hnnett ykkar, svo að heimsóknir geti orðið. Afl ykkar mun hraðaukast eftir því sem liður. Reynt höfum við að stuðla að því að samband geti skapast við aðra hnnett. Lögð er mikil áhersla á að þetta heppnist. Mjög fjölmennur hópur sendir orku til stöðvar ykkar.

Ónefndur heimspekingur frá Frakklandi: Hver sem skilur sambandið við aðra hnnett er betur staddir, þegar komið er á annan hnött. Á hnnett mínum eru mjög margar stjörnusambandsstöðvar. Hér eru fögur fjöll. Höfin á hnnett mínum eru mun staerri en löndin. Árið hjá okkur er heldur lengra en á jörðinni. Ég á enn heima á sama hnettinum, sem ég kom fyrst til.

Sun Jat Sen (fyrsti forseti Kína): Komið sael. Reynið að vera glöð og kát, svo að ég nái betur til ykkar. Ég er ekki islenzkur, en af öðru þjóðerni. Þó af ykkar jörð, af Austurlöndum, frá Kína. Ég hef talað áður. Ég er Sun Jat Sen. Nú eru litlar tilraunir í Kína til stjörnusambands, eins og þó þyrfti að vera viða á ykkar jörð. Leitast verður nú við að koma sambandsmálum jarðar ykkar á betri rekspöl. Tilraun ykkar lofar góðu. Þetta þyrftu ýmsar aðrar þjóðir að taka upp. Í Kína munu e. t. v. koma fram öflugir menn, sem hugsa um stjörnusambandsmál. Þessi viðleitni ykkar kann að verða viðurkennd, áður en á löngu liður.

Rit Félags Nýalssinna

til sölu og dreifingar

Líf er á öðrum stjörnum

eftir Þorstein Guðjónsson. 68 bls. Undirstöðuatriði kenninga Nýals tengdar því, sem áunnist hefur í vísindum á síðari árum. — Verð kr. 200,00.

Miðgarður

fyrsta hefti 1974. Heimsmyndin og fleiri greinar í anda Nýals. — Verð kr. 200,00.

Félagsblað Nýalssinna

nr. 40, 41 og 43, 1974 Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur. Ætlað til gjafa og kynningar.

ENN eru fáanleg ýms eldri hefti af
Íslenzkri stefnu og Félagsblaði Nýalssinna.

Félag Nýalssinna.

Efnisyfirlit

TVÖ LJÓÐ:

Svanir, Steingrímur Thorsteinsson	Bls.	138
Svanur, Einar Benediktsson	—	138
(Sjá forsiðumynd)		

ERINDI:

Lifgeislun og lífgeislalækningar, I.A.	—	139
Um kenningar Nýals og Félag Nýalssinna, I.A.	—	144

GREINAR:

Áttirnar í himnaríki, P.G.	—	148
Mættum við fá meira að heyra, H.G.	—	149
Um „Íslendingabyggð á öðrum hnetti“ P.G.	—	151
„Tilfinning hins áður séða“ („deja vu“) P.G.	—	155
Undarlegur hlutur á himni, G.O.	—	158

DRAUMAR:

Draumur um hverasvæði, I.A.	—	159
Draumur um brottför til annars hnattar. P.Á.	—	160
Draumur um orm og aðráttarafl hans, I.A.	—	161
Draumur um eyju, I.A.	—	162
Draumur um svif og stöðvun svifs, I.A.	—	163
Draumur (samtal um dauða) I.A.	—	163
Draumur um skessukatla, I.A.	—	164
Draumur um svif yfir ólgandi fljót, I.A.	—	165

SAMBANDSFUNDIR:

Úr miðilsfundi 27. ágúst 1973 (<i>Skáld-Rósa</i>)	—	166
Úr miðilsfundi 18. mars 1974 (<i>Helgi Pjeturss</i>)	—	167
Úr miðilsfundi 14. febrúar 1972 (<i>Þrúður Jónsdóttir</i>)	—	167
Úr miðilsfundi 27. desember 1971 (<i>Sif</i>)	—	168
Úr miðilsfundi 23. mars 1970 (<i>Séra Jónmundur Halldórsson</i>)	—	169
Úr miðilsfundi 19. júlí 1971 (<i>Freyr</i>)	—	169
Úr miðilsfundi 13. september 1971 (<i>Séra Jónmundur</i>)	—	169
Úr miðilsfundi 2. ágúst 1971 (<i>Gottskálk biskup</i>)	—	169

Stjörnusambandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 9 e.h. Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.